

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
8. fundur 2024 (130. fundur)
BIE/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 18.11.2024 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum á Ásbrú í Reykjanesbæ. Um var að ræða fyrsta sameiginlega fund (dagskrárliðir 1-5 í fundargerð) með Isavia í samræmi við nýlega samþykktar verklagsreglur, frá mars 2024, um samskipti skipulagsnefndar og Isavia – en þar kemur fram að nefndin og Isavia skuli halda a.m.k. einn samráðsfund á ári.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Jón B. Guðnason	"
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Valgerður B. Eggertsdóttir	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Kristján Þór Júlíusson	Isavia / RUMSK
Brynjar Þór Vatnsdal	Isavia / RUMSK
Theodóra Þorsteinsdóttir	Isavia / RUMSK

1. Vindafarsgreining við fyrirhugað Demantssvæðið. Skýrsla kynnt

Nína G. Jörgensen, skýrsluhöfundur kynnti skýrslu verkfræðistofunnar Eflu, dags. 04.07.2024, um mat áhrifum bygginga á vindafar á flugbrautum í nánd við fyrirhugað Demantssvæði. Skýrslan var unnin í tengslum við endurskoðun á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar. Upp komu spurningar varðandi flugvélategundir, vindhraða og viðmið sem voru notuð til hliðsjónar í skýrslunni. Hægt að rannsaka nákvæmar ef þess þarf. Ábendingar komu fram til Isavia um samráð við FÍA varðandi næstu skref í fyrirhugaðri skipulagsvinnu. Einnig var bent á að gert hefur verið ráð fyrir að fyrirhugaðar byggingar á Demantssvæðinu mynduðu „hljóðmúr“ gagnvart byggð í Reykjanesbæ og að skoða þurfi það varðandi vindafar.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar, endurskoðun – drög að vinnslutillögu

Umræða var milli skipulagsnefndar og Isavia um vinnslutillöguna fyrir endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar og þá vinnu sem er í gangi og samtalið við Innviðaráðuneytið. Ákveðið að fulltrúi ráðuneytisins í nefndinni ræði milli funda innanhúss í ráðuneytinu um möguleika á frekara samtali ráðuneytisins, nefndarinnar og Isavia varðandi ákveðin lykilatriði í drögum að vinnslutillögu.

3. Framkvæmdaleyfisumsókn frá Isavia varðandi endurnýjun á landmótun við fyrirhugað Demantssvæði.

Lagt fram bréf og stöðuskýrsla Jóhannesar B. Bjarnasonar fh. framkvæmdadeildar Isavia, dags. 11.11.2024, vegna landmótunar á Demantssvæði. Þar kemur fram að óljóst er með stærri framkvæmdir næsta árið á svæðinu sem myndi ekki skila af sér efni í landmótun. Því er á þessu stigi ekki óskað eftir endurnýjun á leyfisveitingu næstu

misserin. Stefnt er þó á nokkur verkefni tengt tiltekt og frágang á svæðinu og eru þau útlistuð í bréfinu, t.d. varðar það hreinsun steypubrots, fjarlægt verður óburðarhæft efni við eldsneytislögn og sáð verður í moldarsvæði innan landmótunarsvæðis.

Ekki er lagst gegn umræddum verkefnum sem eru til bóta fyrir svæðið – en skipulagsnefndin felur skipulagsfulltrúa að upplýsa framkvæmdadeild Isavia um að ganga verði frá svæðinu, þangað til sótt verður um nýtt framkvæmdaleyfi, í samræmi við eldra útrunnið framkvæmdaleyfi. Ítrekuð voru fyrirmæli um að verja eldsneytislögnina.

4. Efnisvinnslusvæði fyrir mengaðan jarðveg innan flugvallarsvæðis

Gísli Guðmundsson og Geirmundur Sigurðsson kynntu fh. Isavia, vinnu við kortlagningu á menguðum jarðvegi á helstu uppbyggingarsvæðum á flugvallarsvæðinu næstu árin. Þeirri vinnu er að mestu lokið og niðurstöður liggja fyrir að hluta. Til að vinna í takt við sjálfbærnistefnu Isavia þá vill félagið hreinsa mengaðan jarðveg (sem og allan ómengaðan jarðveg) innan svæðisins en ekki flytja hann um langan veg. Til þess þarf að skilgreina svæði í aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar fyrir efnisvinnslu og hreinsun á menguðum jarðvegi, svo hægt sé að sækja um og fá viðeigandi starfsleyfi fyrir starfsemi. Lagðar voru fram hugmyndir að staðsetningu á slíku svæði.

Skipulagsnefndin þakkar fyrir kynninguna og upplýsingarnar um stöðuna, en hefur efasemdir varðandi hugmyndir um þá staðsetningu sem var kynnt á fundinum. Lagt er til að vinna erindið betur og staðsetninguna og að Isavia eigi einnig samráð við HES og UST og komi síðan inn á fund skipulagsnefndar með uppfærð gögn til kynningar og umræðu.

5. Reykjanesbraut, Hafnavegur – Garðskagavegur. Tvöföldun, staðan á frumdrögum

Skipulagsfulltrúi fór yfir glærur Vegagerðarinnar á hádegisfundi SAR frá lok október um tvöföldun Reykjanesbrautar. Kynnt var staðan á verkefninu og tímalína þess. Skipulagsfulltrúi situr í stýrihópnum fh. skipulagsnefndar og Isavia ásamt fulltrúum sveitarfélaganna á svæðinu og aðila Kadeco.

Fyrsti áfangi í verkefninu er tvöföldun án mismægra gatnamóta, en frekari framkvæmdir eru ekki tímasettir. Skv. núverandi áætlunum er umfangsáukning fyrsta áfanga til skoðunar. Í gangi er valkostagreining, arðsemismat, frumhönnun, ásamt því að verið er að vinna gögn fyrir mat á umhverfisáhrifum og skipulagsbreytingar.

6. Deiliskipulag vestursvæðis Keflavíkurflugvallar. Afmörkun lóða fyrir spennistöðvar

Lagður er fram skipulagsuppdráttur Hornsteina arkitekta, dags. 14.11.2024, varðandi óverulega breytingu vegna nýrra lóða fyrir spennistöðvar við annars vegar Arnarvöll 7 og hins vegar við Súluvöll 1. Um er að ræða þegar samþykktar spennistöðvar í skipulagi, en það vantar að afmarka 1.200 m² lóðir fyrir þær.

Skipulagsnefndin samþykkir að meðferð skipulagstillögu verði í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

7. Þotugildur við núverandi flugbrautir, fyrirspurn um framkvæmdaleyfi.

Lagður er fram tölvupóstur Björns Johannessen hjá Verkís, fh. NATO og LHG (UTN) dags. 30.10.2024, fyrirspurn varðandi uppsetningu á fjórum þotugildrum á Keflavíkurflugvelli ásamt því að fjarlægja núverandi þotugildur (um 40 ára gamlar) á flugbrautunum. Ráðgert er að framkvæma a.m.k. eina slíka þotugildru á ári á árunum 2025-2028.

Skipulagsnefndin tekur jákvætt í að afgreiða framkvæmdaleyfisumsókn þegar hún berst, og finnst eðlilegt að framkvæmdaleyfið gildi í 4 ár þannig að hægt verði að afgreiða eitt heildarleyfi fyrir verkefnið, frekar en árlegt leyfi um hverja gildru fyrir sig.

8. Helguvík, iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði. Aðalskipulagsbreyting

Lögð var fram kynning tillögu á vinnslustigi vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar í Helguvík, dags. 30.09.2024. Viðfangsefnið er að breyta þarf afmörkun á iðnaðar-og hafnarsvæðum í aðalskipulagi og skilmálum fyrir ákveðnar lóðir til að koma fyrir inn- og útflutningsstarfsemi, geymslusvæði skipaeldsneytis og endurskilgreina mörk hafnar- og iðnaðarsvæða.

Skipulagsnefndin gerir engar athugasemdir við tillöguna.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu máls þessa.

9. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 16. desember 2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>